



Staða öryggismála

Sigríður Harðardóttir
Febrúar 2020





Öryggisstefna

- Áfram unnið skv. öryggisstefnu sem samþykkt var í febrúar 2019
- Áhersla á að móta öryggismenningu
- Stefnt að slysalausum vinnustað
- Fækka tjónum
- Efla fræðslu og forvarnir

ST 004



Öryggisstefna

Strætó bs. vill vera til fyrirmyndar í öryggis- og vinnuverndarmálum. Áhersla er lögð á að gæta fyllsta öryggis í allri starfsemi fyrirtækisins með öryggi starfsmanna og viðskiptavina ávallt að leiðarljósi. Strætó stefnir að því að skapa slysalausan vinnustað þar sem enginn starfsmaður, verktaki eða almenningur bíður heilsu- eða líkamstjón í starfsumhverfi Strætó.



Öryggisnefnd

- Aukinn kraftur settur í starf öryggisnefndar og er hún mun virkari en áður var.
- Gæðastjóri stýrir störfum nefndarinnar
- Kjörnir öryggisfulltrúar skipa nefndina





VÍS samstarf

- Vinnum áfram í góðu samstarfi við VÍS um fræðslu og forvarnir
- Öryggismyndbönd
- Næstu skref með VÍS – áhersla á öryggi vs. álag og streita
- ATVIK - atvikaskráningakerfi






VÍS samstarf - ATVIK

- Atvikaskráningakerfi Strætó að kostnaðarlausu
- Ábendingar um öryggismál
- Næstum slys
- Minniháttar slys
- Fjarveruslys
- Ógn (öfbeldi, áreitni, kynferðisleg áreitni)

ATVIKASKRÁNING STARFSMANNA



Tilkynningar

- ▶ Ábending
- ▶ Næstum slys
- ▶ Minniháttar slys
- ▶ Fjarveruslys
- ▶ Ógn

Fjarveruslys

Starfsmaður verður frá vinnu á slysdag og þann mesta eða lengur. Er tilkynningarskylt til Vinnueftirlitsins.



VÍS samstarf - ATVIK

- Stjórnendasýn (aðgangsstýrð)
- Tölfræðigögn
- Samræmd eyðublaðaskráning – Vinnueftirlit, Sjúkratryggingar, VÍS

ATVIKASKRÁNING STARFSMANNA



Tilkynningar


- ▶ Ábending
- ▶ Næstum slys
- ▶ Minniháttar slys
- ▶ Fjarveruslys
- ▶ Ögn

Fjarveruslys

Starfsmaður verður frá vinnu á slysdag og þann næsta eða lengur. Er tilkynningarskylt til Vinnueftirlitsins.




Strætó tölfræði






Strætó tölfræði





Strætó tölfræði





Umbótahópur leiða

- Stofnaður 2019
- Fulltrúar frá Strætó og verktökum
- Hlutverk hópsins er að koma auga á og rýna ábendingar og umbætur á hverri leið





Vinnustaðagreining

- Á árinu 2019 var fyrst spurt um öryggismál í vinnustaðagreiningu
- Aftur spurt um öryggismál í yfirstandandi greiningu 2020
- Niðurstöður nokkuð jákvæðar
- Mikilvægt að fá samanburð á milli ára





Heilsueflandi vinnustaður

- Tilraunaverkefni 10 fyrirtækja og stofnana í samstarfi við Landlæknisembættið, VIRK og Vinnueftirlitið
- Strætó valið úr hópi 60 fyrirtækja sem sóttu um þátttöku í verkefninu
- Hófst í janúar 2020 og tekur eitt ár
- Markmiðið er að styðja vinnustaði í að vinna markvisst að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan alls starfsfólks

Mótuð verða sérstök viðmið út frá eftirfarandi flokkum:

- Stjórnunarhættir
- Starfshættir
- Vinnuumhverfi
- Vellíðan
- Hreyfing og útivera
- Hollt mataræði
- Umhverfi
- Áfengi, tóbak og önnur vímuefni





Áhættumat

- Áhættumat hefur verið uppfært fyrir:
 - Mötuneyti
 - Skrifstofu
 - Verkstæði
 - Þvottastöð
 - Vagnstjóra





Áhættumat - mötuneyti

Mötuneyti – Starfsmenn mötuneytis ásamt Rósu Guðmundsdóttur öryggisverði komu að framkvæmdinni. Stuðst var við Vinnumhverfisvísi fyrir veitingahús og mötuneyti. Meðal þess sem var gerðar úrbætur á í framhaldinu var að fara yfir öll hættuleg efni í mötuneyti sem voru í notkun, fara yfir að öryggisblöð fyrir öll efni væru tiltæk og einnig að það væri nýjasta útgáfan, ásamt því að starfsmenn kynntu sér þau.



Áhættumat - skrifstofa

Skrifstofa – Áhættumatið nær yfir skrifstofurými fyrir þjónustuver, móttöku, fjármál mannauðs- og skipulagssvið og svo akstursdeild. Rósa Guðmundsdóttir, Steindór Steinþórsson öryggisverðir, Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs og Judit Varga trúnaðarmaður komu að framkvæmdinni. Stuðst var við Vinnumhverfisvísi fyrir skrifstofur. Flestallar úrbætur sem þurfti að gera í framhaldi af yfirferðinni hafa verið gerðar, eins og að:



Áhættumat – skrifstofa frh.

- Halda rýmingaræfingu fyrir alla í húsinu í samstarfi við Eldklár, þar sem það var mikið af nýju starfsfólki í húsinu eftir breytingar
- Bætt aðgengi fyrir fatlaða um húsið, búið að setja sjálfvirka opnara á hurðir svo það sé hægt að opna hurðir á leið niður í mötuneyti með aðgangskorti og einnig inn á klósett.
- Til að reyna að draga úr hávaða í vinnurými á skrifstofu er búið að uppfæra og gefa út vinnureglur fyrir vinnu í opnu skrifstofurými og kynna þær.
- Búið að fínstillta loftræstingu, sem hefur lagst. Keypt voru rakatæki í þjónustuver.
- Til að auka fræðslu/þjálfun nýliða, þá er í vinnslu að uppfæra starfsmannahandbók fyrir nýja starfsmenn



Áhættumat – Þvottastöð

Þvottastöð – Rósa Guðmundsdóttir, Steindór Steinþórsson öryggisverðir og Ásgeir Þór Ásgeirsson deildarstjóri lagers komu að framkvæmdinni. Stuðst var við Vinnuumhverfisvísi fyrir ræstingar og hreingerningar og einnig fyrir bifreiðaverkstæði. Allt það helsta sem talið var að þyrfti að laga eða skoða betur hefur verið framkvæmt. Það var skoðað af öryggisnefnd hvort aðstaða væri viðunandi þar sem tjöruhreinsir er notaður á þvottastöð. Var aðstaðan álitin viðunandi, þar er loftræsting, starfsmenn fá viðeigandi persónuhlífar og þessi hluti er aðskilinn frá öðrum þrifum sem fara fram á vagni. Farið var yfir lið 7 (meðhöndlun og geymsla) og lið 4 (ráðstafanir í skyndihjálpi) í öryggisblöðum fyrir helstu efni sem voru í notkun á staðnum.



Áhættumat – verkstæði

Verkstæði - Áhættumatið var framkvæmt á verkstæði hjá Strætó bs. um er að ræða efra- og neðra verkstæði, lager, geymslusvæði, bólsturn og dekkjaverkstæði. Rósa Guðmundsdóttir öryggisvörður, Vésteinn Sæmundsson öryggistrúnaðarmaður og Ásgeir Þór Ásgeirsson deildarstjóri lagers komu að framkvæmdinni. Stuðst var við Vinnuumhverfisvísi fyrir bifreiðaverkstæði. Allar athugasemdir sem voru gerðar hafa verið skoðaðar og sumt var í lagi og annað er í ferli að laga. Það sem var skoðað sérstaklega var geymsla á efnum og var sett það markmið að draga úr dreifingu á varasömum efnum á verkstæði. Umferðaleiðir innandyra þarf að mála og laga eftir breytingar, það hefur ekki verið gert en er í ferli.



Áhættumat – vagnstjórar

Vagnstjórar - Rósa Guðmundsdóttir og Steindór Steinþórsson öryggisverðir komu að framkvæmdinni. Stuðst var við Vinnuumhverfisvísi fyrir fólksflutninga. Allt það helsta sem talið var að gæti þurft að skoða betur eða laga hefur verið farið yfir með sviðstjóra rekstrarsviðs. Þeir hlutir sem athugasemdir voru gerðar við eiga að vera í lagi. Utanaðkomandi áhrifavaldar sem Strætó hefur ekki beint áhrif á, var vísað áfram til umbótahóps sem kemur ábendingum áfram til viðkomandi sveitafélags.

BESTA

LEIDIN

